



Skipulagsnefnd – 01.06.2015

13. fundur

1. júní 2015, kl. 13:00-14:45

Fundarstaður: Hótel Reykjahlíð.

Fundarmenn:

Helgi Héðinsson, formaður

Birgir Steingrímsson

Margrét Hólm Valsdóttir

Pétur Snæbjörnsson

Selma Ásmundsdóttir

Starfsmenn:

Bjarni Reykjalin, skipulags- og byggingarfulltrúi

(fundarritari)

(Í fjarveru Guðrúnar Brynleifsdóttur)

Jón Óskar Pétursson undir lið 1

Dagskrá:

1. *Deiliskipulag þéttbýlis Reykjahíðar. Breyting á deiliskipulagi.*
2. *Svartárvirkjun í Bárðardal. Breyting á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps.*

1. Deiliskipulag þéttbýlis Reykjahlíðar. Breyting á deiliskipulagi.

S20120204

Tekið fyrir að nýju, en deiliskipulag þéttbýlis Reykjahlíðar var staðfest þann 23. febrúar s.l.

Við deiliskipulagsgerðina var ákveðið að fresta vinnu við skipulag miðsvæðis (reitur 113-M skv. Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023) þar sem lega Sauðahellis lá ekki ljós fyrir og þar af leiðandi voru ekki nægjanlegar forsendur til að ljúka skipulagsvinnu á svæðinu. Fyrr á þessu ári var Árni Hjartarson, jarðfræðingur, fenginn til að mæla upp og kortleggja hellinn og liggur niðurstaðan af þeirri vinnu nú fyrir og er því ekkert til fyrirstöðu að ljúka deiliskipulagsvinnu á miðsvæðinu.

Á fundinn koma Árni Ólafsson, arkitekt, og Lilja Filippusdóttir, landslagsarkitekt, frá Teiknistofu Gylfa Guðjónssonar og félaga ehf, og munu þau fara yfir hugmyndir sem komu til umfjöllunar á fyrri stigum skipulagsvinnunnar.

Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að hún heimili að lokið verði við gerð deiliskipulags þéttbýlis Reykjahlíðar eins og ráðgert var í upphafi. Jafnframt leggur nefndin til við sveitarstjórn að hún heimili að samið verði við Teiknistofu arkitekta Gylfa Guðjónsson og féлага ehf um að ljúka verkinu í samræmi við þær hugmyndir sem rætt var um á fundinum.

2. Svartárvirkjun í Bárðardal. Breyting á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps.

S20150402

Tekið fyrir að nýju erindi dags 29. apríl 2015 frá Þórhildi Guðmundsdóttur f.h. VERKÍS ehf og SSB Orku ehf þar sem óskað er eftir því að gerð verði breyting á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023 í samræmi við 36 gr. skipulagslaga nr. 123/2010 vegna lagningar jarðstrengs og ljósleiðara. Málið var áður á dagskrá nefndarinnar 4. maí s.l.

Lagt fram breytingarblað dags frá Teiknistofu arkitekta Gylfa Guðjónssyni og félögum ehf vegna óverulegrar breytingar á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023 þar sem gerð er grein fyrir legu jarðstrengs og ljósleiðarar innan sveitarfélagamarka Skútustaðahrepps.

Skipulagsnefnd ítrekar fyrri ákvörðun sína og leggur til við sveitarstjórn að þegar samþykki allra landeigenda liggja fyrir verði leitað samþykkis Skipulagsstofnunar fyrir málsmeðferð vegna óverulegrar breytingar á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023 skv. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulags- og byggingarfulltrúa verði jafnframt falin málsmeðferð vegna aðalskipulagsbreytingarinnar eins og skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um.

Fundi slitið.

Helsi H
Selma D. Gunnarsdóttir
Margarita H. V. V. V.
Ritva J. J.
Beigi Steingunnar